



4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn föstudaginn 31. jan. 2020 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari (KÞ), Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Jónsson, Steinþór Einarsson, Sigrún María Jörundsdóttir og Þorgerður Anna Arnardóttir. Fundinn sat einnig Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Kosning formanns og varaformanns. Samkvæmt 5. grein laga um framhaldsskóla skal kjósa formann og varaformann á hverju ári.**
Óbreytt skipan, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður og Steinþór Einarsson varaformaður, samþykkt samhljóða.
- 2. Fjármál skólans.**
KÞ birti bráðabirgðaniðurstöðu fyrir 2019. Á þessu ári er gert ráð fyrir fjárfestingu í nýju símkerfi og einnig þarf að endurnýja húsgögn. Staðan í fjármálum er góð og skólinn hefur verið heppinn með að lítið hefur verið um langtímaveikindi starfsmanna.
- 3. Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats.**
Skýrsla ytra mats sem framkvæmt var á síðustu vorönn er komin á vef Menntamálastofnunar. Umbótaáætlun hefur verið samþykkt og verður birt á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- 4. Nýtt skipurit fyrir FG.**
Nýtt skipurit komið á heimasíðuna með ýmsum úrbótum m.a. er mennta- og menningarmálaráðuneytið komið inn og skólanefnd. Skipuritið lýsir hvernig starfsemin fer fram í FG.
- 5. Persónuvernd og jafnlaunavottun.**
Jafnlaunavottun er langt komin í innleiðingarferlinu og unnið er í samvinnu við Attendus. Töluverður kostnaður er fyrir skólann að fá vottunina. Vinnsluskrá vegna persónuverndarmála er í yfirlestri hjá fulltrúa ráðuneytisins. Höfum fengið staðfest skref 1 og 2 í Grænum skrefum í ríkisrekstri.
- 6. Önnur mál.**
Akademía Stjórnunnar og FG – nú þegar er samvinna FG við knattspyrnudeildina með tíma í töflu fyrir æfingar. Ýmislegt sem þarf að skoða í þessu sambandi og munu umræður halda áfram. Öflug íþróttakennsla er í FG og akademía yrði viðbót við gott starf. Heimsfaraldur Coronaveirunnar – upplýsingar inni á heimasíðu landlæknis. Skólinn mun hafa nóg af spritti á öllum salernum skólans og ítreka handþvott. Skólanefnd fagnar þema Imbruvikunnar sem var umhverfismál og lýsir ánægju sinni með þátttöku skólans í Grænum skrefum í ríkisrekstri.

Fundi slitið kl. 13

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði 13. mars

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir